

ERINDISBRÉF

Þjónusta og stuðningur við þann hóp sem sækir Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir

Ábyrgð: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Markmið:

Að útfæra tillögur að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk, sbr. bókun velferðarráðs frá 20. janúar 2021.

Forsaga:

Rauði krossinn hefur rekið Vin, í 28 ár og undanfarinn áratug í samstarfi við Reykjavíkurborg með þjónustusamningi. Með bréfi dags. 12. janúar 2021 tilkynnti stjórn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu þá ákvörðun sína að draga sig úr rekstri Vinjar á árinu 2021 (fylgiskjal 1).

Hlutverk:

Að tryggja samstarf og samvinnu við notendur Vinjar, hagsmunaaðila og fagfólk við mótun tillögu að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega.

Verkefni:

1. Greina þarfir þeirra notenda sem sækja Vin daglega með tilliti til þjónustu- og stuðningsþarfa þeirra.
2. Vinna drög að tillögu að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega.
3. Tryggja samráð og samtal við notendur Vinjar, hagsmunaaðila og fagfólk við mótun tillögunnar.
4. Afla upplýsinga um starfsemi Dvalar í Kópavogi, Lækjar í Hafnarfirði og Lautar á Akureyri.
5. Greina möguleg samlegðaráhrif við aðra skylda starfsemi velferðarsviðs.
6. Annað það sem hópurinn telur skipta máli

Starfshópurinn skipar:

Halldóra Pálsdóttir, forstöðumaður Vinjar

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði sem leiðir hópinn.

Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir deildarstjóri velferðarsviði

Róbert Lagermann, fulltrúi notanda

Samráð: Hópurinn skal hafa samráð við hagsmunaaðila, s.s. gesti Vinjar og Geðhjálp, á meðan á skipunartíma stendur.

Fyrirkomulag og starfstími:

Starfstími hópsins er 1. febrúar - 15. mars 2021.

Til ráðgjafar:

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði

Marín Þórsdóttir, forstöðumaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu

Aðrir þeir sem hópurinn telur skipta máli

Reykjavík, 29. janúar 2021

A handwritten signature in black ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is written in a cursive style with a large initial 'R'. Below the signature is a horizontal line.

Regína Ásvaldsdóttir